


	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun DANS1GD - vorönn 2017	

Kennari/kennarar: Gyða Bentsdóttir	Netfang/netföng: gydab@fva.is
---	--------------------------------------

Námsgögn:

- ÍSLENSK-DÖNSK, DÖNSK-ÍSLENSK VASAORÐABÓK
- ONDSKABEN, skáldsaga eftir Jan Guillou
- Mappa með lausblöðum
- Efni úr fjölmiðlum
- Smásögur frá kennara

Lýsing:

Í áfanganum er unnið með alla færniþætti tungumálsins: skilning (á skrifuðu og töluðu máli), tjáningu (í samskiptum og frásögn) og ritun, þar sem tekið er mið af A1 í Evrópska tungumálarammanum.

Áhersla er lögð á að nemendur átti sig á undirstöðuatriðum talaðrar og ritaðrar dönsku.

Markmið (þekking, leikni, hæfni):

Nemendur skulu hafa aflað sér þekkingar og skilnings á grunnorðaförða, sem tengist persónulegum aðstæðum þeirra, fjölskyldu og nánasta umhverfi.

Nemendur skulu hafa öðlast leikni í lestri stuttra texta, sem tengjast kunnuglegum málefnum; í skilningi á einföldu töluðu máli, þegar talað er hægt; og í að tjá sig munnlega og skriflega um atriði er snerta þá sjálfa. Auk þess skulu nemendur hafa öðlast leikni í að notfæra sér orðasöfn.

Nemendur skulu geta notfært sér leikni sína til að nýta sér einfaldar og hagnýtar upplýsingar úr stuttum textum. Nemendur skulu einnig geta nýtt sér þekkingu sína og leikni til skilnings á einföldu og hægu töluðu máli; til að geta sagt frá sjálfum sér og fjölskyldu sinni og til að geta ritað stuttan texta með einföldum setningum.

Námsmat:

- Skriflegt lokapróf - 50%
- Kannanir - 15% (3 efstu af 4)
- Munnlegt - 5%
- ONDSKABEN - 10%
- Mappa - 10%
- Vinnubrögð og smærri verkefni - 10%

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur skulu virða skilafrest verkefna. Ekki er hægt að skila verkefni til kennara eftir að aðrir nemendur hafa fengið þau til baka.

Sjúkrapróf eru í boði fyrir þá sem hafa skráð veikindi eða leyfi í INNU. Nemendur skulu hafa samband við kennara við fyrsta tækifæri sé um önnur tilvik að ræða. Ekki er hægt að taka sjúkrapróf eftir að aðrir nemendur hafa fengið prófið til baka.

Tölvur og síma skal einungis nota í tengslum við námið Brot á þessari reglu hefur áhrif á mat á vinnubrögðum og séu þau ítrekuð getur það samsvarað fjarvist.

Nemndur skulu fá leyfi kennara þurfi þeir að víkja úr kennslustund.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats-þættir
1	5.1-6.1	Kynning á áfanganum	
2	9.1-13.1	Efni tengt áramótum	
3	16.1-20.1	Efni tengt hópnum “Ungt fólk”	
4	23.1-27.1	Efni tengt hópnum “Ungt fólk”	KÖNNUN 1
5	30.1-3.2	Efni tengt “Daglegu lífi”	
6	6.2-10.2	Efni tengt “Daglegu lífi”	KÖNNUN 2
7	13.2-17.2	ONDSKABEN – skáldsaga	
8	20.2-24.2	ONDSKABEN – skáldsaga	MÖPPUSKIL 1
9	27.2-3.3	ONDSKABEN – skáldsaga	
10	6.3-10.3	ONDSKABEN – skáldsaga	TÍMAVERKEFNI
11	13.3-17.3	Efni tengt hópnum “Ungt fólk”	
12	20.3-24.3	Efni tengt hópnum “Ungt fólk”	MUNNLEGT
13	27.3-31.3	Efni tengt “Daglegu lífi”	
14	3.4-7.4	Efni tengt “Daglegu lífi”	KÖNNUN 3
15		Páskafri	
16	19.4-21.4	Myndefni	MÖPPUSKIL 2
17	24.4-28.4	Smásögur	
18	1.5-5.5	Smásögur	KÖNNUN 4
19	8.5-9.5	Samantekt	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.

Með von um gott samstarf, Gyða